

Greiðslur í sjóðinn miðast við 60% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. maí 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um reglugerð sem numin er úr gildi.

Reglugerð um vistun lyfjafræðistudenta til verklegs náms nr. 326 13. nóvember 1973 er hér með úr gildi felld.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. apríl 1978.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Almar Grimsson.

SAMÞYKKT

um stjórn Sauðárkróks.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum samkvæmt lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár).

Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig áætlaðar tekjur skiptast, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið.